

Dagana 2. - 4. júní komu Kvennalistakonur víða af landinu saman í Skálholti til umræðna og samráðs.

Þar var litið um öxl til liðsins vetrar, velt fyrir sér spurningunni "maddama, kerling, fröken, frú, veistu hvert þú stefnir nú?", rætt hvernig staðið yrði að fulltrúaskiptum í þingflokki hreyfingarinnar, lögð drög að fundasýrpu Kvennalistakvenna víða um land í lok júní og ákveðið að halda ráðstefnu í haust um sveitarstjórnarmál með tilliti til sveitarstjórnakosninga að ári.

Óvæntur liður bættist inn á dagskrá fundarins vegna nýorðinna samstarfsslita í bæjarstjórn Selfoss. Kvennalistakonur hafa myndað meirihluta þar síðustu þrjú árin ásamt fulltrúum Alpýðuflokks, Alpýðubandalags og Sjálfstæðisflokks. Þeir síðastnefndu hafa nú rofið það samstarf og skýrði Sigríður Jensdóttir, fulltrúi Kvennalistans í bæjarstjórninni, rás þeirra atburða.

Verðhækkanafár og loforðabrigð ríkisstjórnarinnar settu að öðru leyti svip sinn á umræðuna um atburði liðandi stunda og voru konur sammála um þörf fyrir bætt siðferði í stjórnámálum.

Hluti fundarins var sérstaklega helgaður atvinnumálum kvenna. Kvennalistakonur á Akureyri höfðu dregið saman upplýsingar um ástandið og hugsanlegar leiðir til úrbóta. Slík umræða er sérstaklega tímabær nú í ótryggu atvinnuástandi, sem bitnar illa á konum. Opinberar tölur sýna, að í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins er atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla. Á Vesturlandi og Suðurnesjum eru til dæmis þrisvar sinnum fleiri konur en karlar skráðar atvinnulausar. Í því sambandi er vert að benda á þá staðreynd, hversu fáar konur gegna áhrifastöð/m í ráðuneytum atvinnumála.

Vinnuprælkun, lág laun og tvöföld ábyrgð setja svip sinn á daglegt líf kvenna. Engu er að treysta, málefnasamningar og hátíðaræður eru einu heimildir um úrbætur til handa konum. Í verki er einungis vanmat og svik, lág laun, síhækkandi verð á matvörum og öðrum nauðsynjavörum. Ríkisstjórnin reynir að kenna "vondum útlendingum" um hækkanir. Þar er enn ein blekkingin. Matarskattur og búvöruhækkanir eru ekki af erlendum orsökum. Ákvörðun um þær hækkanir tekur ríkisstjórnin ein.

Stórfelldur niðurskurður er nú í skóla- og heilbrigðisþjónustu, einmitt þeim greinum sem konur bera sérstaklega fyrir brjósti og hafa atvinnu af. Konur eru ekki með í ráðum um tilhögun höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegs sem við öll eigum allt okkar undir. Það er algjörlega óþolandi að stundarhagsmuni og gróði einstaklinga skuli veða þyngra þegar afla er ráðstafað en atvinna kvenna í landi og afkoma fjölskyldna þeirra.

Konur þurfa nú að safna kröftum til nýrra átaka og finna leiðir inn fyrir múra karlveldisins. Þar fyrir innan sitja þreyttir karlmenn. Þeirra þreyta er sýnu hættulegri en sú sem hrjáir konur vegna þess að hún birtist í hugmyndapurroð sem aftur leiðir af sér getuleysi til að finna nýjar leiðir, ganga nýjar brautir.

Þessir úrræðalausar karlar hafa í hendi sér öll völd í íslensku þjóðfélagi. Samtryggingarnet þeirra spannar stjórnsmál, banka, peninga- og sjóðakerfið og atvinnulífið allt. Um þeirra hendur fer allt fé landsmanna. Þegar þeim mistekst í meðferð þess standa þeir hvergi ábyrgir gerða sinna, kenna öðrum um og taka svo erlend lán. Hvaða lýsingarorð yrðu konum valin ef þær höguðu sér svona ?

Á vorfundinum var rætt hvernig staðið yrði að skiptum fulltrúa í þingflokki Kvinnalistsans, svo sem tilkynnt var fyrir síðustu kosningar. Anna Ólafsdóttir Björnsson, sagnfræðingur og blaðakona tekur sæti Kristínar Halldórsdóttur, þegar þing hefst í október næstkomandi. Vegna anna getur Guðrún Halldórsdóttir, skólastjóri ekki tekið við af Guðrúnu Agnarsdóttur fyrr en í fyrsta lagi eftir næstu áramót.

Gott ráðrúm var gefið til hugarflugs og frjálsra umræðna og litu margar hugmyndir dagsins ljós. Tíminn sker úr um hverjar þeirra komast í framkvæmd, en sem dæmi má nefna að konur voru sammála um nauðsyn þess að efla jákvæða umræðu og viðhorf í stjórnsmálum. Tillaga kom fram um að Kvinnalistasakonur í hverjum anga sýndu konum sóma með einhverju móti á kvennadaginn 19. júní.

A laugardagskvöldið fræddi séra Hanna María Pétursdóttir fundarkonur um kvennaguðfræði, sem er ein nýstárlegasta og lífvænlegasta grein þeirra fræða um þessar mundir. Það er íhugunar og ánægjuefni hvað mikið af nýjungum í hugmyndafræðum koma frá konum. Má þá aftur minna á fyrrnefnda hugmyndapurrd karla. Jafnframt er það íhugunarefni, en síður ánægjuefni hve lítinn áhuga karlar hafa á þeim nýjungum en æða ótrauðir sína slóð.

Aðstæður og heimafólk í Skálholti áttu sinn þátt í vel heppnuðum vorfundi Kvinnalistsans.

Kvinnalistsinn